Fyrir nokkrum árum var ég að fletta bók um
íslenskan tréskurð og staðnamdust þá augu
mín við bakfjöl úr stól frá Vatnsfirði er signatur
var sr. Hjalta Þorsteinssyni. Ekki hafði ég veitt
stól þessum athygli á safninu. Kom mér
bakfjöl þessi ákaflega kunnuglega fyrir sjónir
og átta mig strax á því hvað hún var
sterklík útskorinni skápahurð er faðir minn
Jóhannes Jónsson bóndi Efranesi, Stafholtst. hafði
gefið mér. Ártalið 1747 var það sama á
báðum en ekki vakti það fyrst athygli
mína heldur óvenju fagurskapuð sveigja
á tölunni 7 og einnig virtist mér mynstur
stólbaksins og hurðarinnar líkt, hvorttveggja
upphleyptir jurtasveigar sem áttu sér
fáar hliðstæður í tréskurði. Hjartaform kom
líka fram á báðum hlutunum.
Faðir minn hafði sagt mér að skápurinn
hafði komið að Efranesi með gömlum
manni. Þorsteini Gíslasyni er dvaldi
í Efranesi hjá foreldrum hans hjónunum
Jóni Guðmundssyni og Margrétu Jóhannesdóttur
og dó hann hjá þeim. Áður hafði Þorsteinn
verið á Hofstöðum í Stafholtst. hjá Einari
Guðnasyni síðast bónda þar d. 1901 og konu
hans Guðrúnu Einarsdóttur d. 1906. Þau hjón
áttu aðeins eina dóttur barna Sigríði f. 1882 er
flutti til Ameríku og giftist þar Þórði

Einarssyni Brynjólfssonar frá Hretavatni
Skápurinn var úr eigu þeirra Hofstaðahjóna
og hélt faðir minn hann verð úr Ásbjarnarstaðatt.
en Guðrún var Einarsd. Halldórss. Pálssonar.
Þar tengdir voru milli Sigríðar og Þorsteins
Gíslasonar að Guðrún Hannesdóttir ekkja
Brynjólfs á Hretavatni hafði gifst Þorsteini
Gíslasyni árið 1871. Síðar flutti hún til
sonar síns Jóns Brynjólfss. leðursala í
Reykjavík og dvaldi þar til dánardags
en Þorsteinn fór að Hofstöðum.
Það hefur einnig getað ráðið vistferlum
Þorsteins að Efranesi að Margrét Sigurðard.
frá Köðum kona Einars Brynjólfssonar var
frænka og vinkona Margrétar í Efranesi.
Vorið 1907 fluttu Jón og Margrét frá Melkoti
að Efranesi og er líklegt að Þorsteinn
hafi þá þegar flutt til þeirra.
Lengri sögu skápsins þekkti faðir minn ekki.
Þar stóð ég fast í ferð skápsins frá
Vatnsfirði því ég einblíndi á Ásbjarnarstaðatt.
Veitti ég því ekki athygli hver Sigríðar Sigurðard.
móðir Guðrúnar á Hofstöðum var.
Hefði ég þó átt að vita það því hún var
alsystir þeirra Gutlaugs Sigurðss. afa
Jóns Guðmundss. Efranesi og Þorbjarnar
Sigurðss. Helgavatni afa Margrétar í Efranesi
því mér var fullkunnugt um það að þeir
áttu ætt sína að rekja til Vatnsfjarðar.

Þau voru börn sr. Sigurðar Þorbjarnarsonar frá Lundum í Stafholtst. og konu hans Ólafar Guðlaugsdóttur pr. Sveinssonar í Vatnsfirði.
Sigríður Sigurðardóttir var fædd á Hrafnabjörgum í Hörðudal 20. ág 1809. Sigríður var tvígift, átti fyrr Helga Jónss. bónda Gudnabakka. Þau giftust 1830. „Þá gekk mikið á á Lundum" (Annáll H.P.) Hann dó 1834 og áttu þau ekki börn sem lifðu. Síðari manni sínum Einari Halldórssyni giftist hún 1835. 1846 „Deyði Sigríður Sigurðardóttir kona Einars Halldórssonar á Ásbjarnarst. 37 ára, vel að sér um verklag og flest, fremur en margar aðrar-andaðist þann 28. júní." Annáll H.P.
sr. Sigurður Þorbjarnarson var f. að Helgavatni 1771, sonur Þorbjarnar Ólafssonar gullsm. og bónda Lundum og k:h. Þorkötlu Sigurðard. Hann varð stúdent 1797, var þá tvö ár í Vatnsfirði, giftist 1798 Ólöfu Guðlaugsdóttur próf. Sveinssonar. Fór aftur til Borgarfjarðar til foreldra sinna. 1802 eru þau í tvíbýli á Helgavatni. Hann vígðist aðstoðarprestur tengdaföður síns 1803 og gegndi Vatnsfjarðar prestakalli til vors 1809. Fluttist þá að Hrafnabjörgum í Hörðudal bóndi þar, varð vorið 1811 aðstoðarprestur sr. Magnúsar Sigurðss. í Miklaholti, varð embættislaus 1812. Fluttist þá að Syðra-Rauðamel og var bóndi þar til dauð. 1818. Ólöf kona hans andaðist 1828.

Þorbjörn Ólafsson á Lundum virðist
hafa haldið í hönd með sonarbörnum
sínum því flest urðu búsett í nágrenni
Lunda.
sr. Gutlaugur Sveinsson ~~var~~ fæddur 1731
sonur Sveins Gutlaugss. pr. í Hvammi í
Norðurárdal og konu hans Helgu (blindu)
Jónsd. prests á Staðastað. Gutlaugur
kvæntist Rannveigu Sigurðard. sýslum. á
Hvítárvöllum. Árið 1756 er Gutlaugur hafði
lokið námi var hann „skikkaður" til
Statar á Snæfjallaströnd – sem var eitthvert
vesælasta brauð í stiftinu. Prestur í
Kirkjubólsþingum varð hann 1766, prófastur
N. Ís. 1772 og einnig Strandasýslu 1779.
Vonarbréf fékk hann fyrir Vatnsfirði 1776
en þar var prestur fyrir sr. Magnús
Teitsson er verið hafði aðstoðarprestur
sr. Hjalta Þorsteinssonar í Vatnsfirði ~~frá~~
1739 ~~ára skeit~~ og tekið við staðnum af honum
1742. Magnús hafði að aðstoðarpresti um 19 ára skeið
tengdason sinn Illuga Jónsson og vildi
að vonum að hann fengi embættið
eftir sig. En Gutlaugur sótti fast að
fá Vatnsfjörð og kvat þá tengdafeðga sitja
staðinn ílla. Fékk hann Vatnsfjörð að
Magnúsi látnum og fluttist þangað 1780
en Illugi varð að setja sig við Kirkjubóls-
þing. sr. Gutlaugur stundaði mikið byggingar

byggði vel og snoturlega stað og kirkju í Vatnsfirði. Hann andaðist 15. nóv. 1887

Hurðarfjölin er nú ein eftir af skápnum því skápurinn sjálfur varð eftir í Ófranesi 1948 og hefur glatast þar. Skápurinn var úr furu, óskreyttur. Hann bar þess merki
hafa gist þröngan hirsakist því
að af honum hafði verið sagað hvorn til þess að hann kæmist undir baðstofusúð. Rammi var utan um hurðarfjölina mjög áþekkur þeirri ~~sem~~ er framan á setskáp stólsins frá Vatnsfirði.

sr. Hjalti Þorsteinss. má enn kveða draumvísu þá er hann kvað einum manna þeirra skemmt höfðu málningu hans á Vatnsfjarðar kirkju:

Lífs hjá guði lifi ég enn
leystur af öllum pínum.
Hafið þið brjálað, heillamenn
handaverkum mínum.

Skápurinn er týndur, hurðin lítur en ég tel þó að hún hafi fundið smið sinn.

14. 7. 1890 Ásdís Jóhannesdóttir.

Sagnir um þá Vatnsfjarðarklerka hef ég úr bókum Gils Guðmundssonar frá ystu nesjum. Er þar að finna fleiri sagnir og staðreyndir úr lífi þeirra.